


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	ITM1136	Námsáætlun vorönn 2016

Kennari	Ingimar Árnason	Sk.st.	ING
----------------	-----------------	---------------	-----

Námslýsing:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að þekkja:

- Hornréttar fallmyndir, mælikvarða, strikagerðir teikninga, reglur um málsetningu, snið og skástrikun, skrúfgang og samsetningaeiningar, hrýfismerki og málvik, suðufúgur og suðutákn
- Meðhöndlun teikninga, merkingar og vistun
- Grundvallarreglur um gerð útflatningsteikninga
- Nokkra staðla sem notaðir eru við almennar véla- og smíðateikningar. Samsettar teikningar og íhlutalista þeirra
- Allar almennar aðferðir til að vinna fagteikningar svo og nauðsynleg áhöld og tæki sem nota þarf

Áfangalýsing:

Nemendur eiga að öðlast þjálfun í lestri og gerð fagteikninga samkvæmt gildandi stöðlum og reglum um véla- og málsmíðateikningar. Nemendur fá undirstöðufærni í að lesa og vinna eftir teikningum á vinnustað. Þeir geta teiknað og útfært smíða- og lagnateikningar fyrir einstök verkefni. Teiknað samkvæmt stöðlum sem notaðir eru við almennar véla- og smíðateikningar: Lærð er grunnvinna með hornréttar fallmyndir, mælikvarða, strikagerðir, smíðsmíðaðar reglur um málsetningu, snið og skástrikun, skrúfgang og samsetningaeiningar, hrýfismerki, málvik, og suðutákn. Meðhöndlun teikninga, merkingar og vistun. Grundvallarreglur um gerð útflatningsteikninga. Unnið er í tölvum og grunnþekking þjálfuð í ACAD.


Áfangamarkmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að geta:

- Lesið og teiknað almennar teikningar sem gerðar eru eftir gildandi stöðlum um teikningar
- Valið stærð teiknipappírs, staðsett teikningu, ákvarðað hæfilegan mælikvarða og aðra uppsetningu
- Sett inn nauðsynleg snið og málsett teikningu svo hún sé nothæf til að smíða eftir
- Teiknað stöðluð form fyrir staðlaða íhluti samkvæmt upplýsingum framleiðenda (legur, pakkningar, tannhjól o.s.frv.)
- Teiknað útflatninga af nokkrum þrívíðum formum, ma breytistykkjum úr sívölu í rétthyrnt
- Gert efnis- og tækjalista eftir teikningum

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	ITM113 Teiknifræði málmiðna (VMA) - Verkefni & Námsþættir - Jóhannes Óli Garðarsson –
Annað	Aðgangur að töflubók hjá kennara

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	ITM1136	Námsáætlun vorönn 2016


Vika	Áætlun um yfirferð	Verkefni
1	Kynning á námsefni, skipulagi náms og á notkun ACAD	
2	Fallmyndun og málsetning. Upprifjun	1
3	Málsetningaraðferðir	2 & 3
4	Snið, málsetning ofl.	4
5	Snið, málsetning og staðla-notkun	5
6	Staðlaðir prófilar og boltar	6
7	Suðutáknun – Tannhjól	7
8	Málvik-Handunnið verkefni (8) – Samsett mynd (9)	8 & 9
9	Strokkur: Hrífi-10 - Meginkerfi aðalvélar – Isometri	10 & 11
10	Útflatningur – 7-Búta rör	12
11	Uppsóp	
12	Páskafri	
13	Útflatningur -- Misforma Tengir	13
14	Útflatningur – Misforma Ská Tengir (14) – Krossrör (15)	14 & 15
15	Útflatningur -- Misstórt Ská-Hringa Tengir	16
16	Vinnuteikning Upprifjun -- I-Biti m. Strekkihólk	17
17 - 18	Lokateikning - Bensíndæla. Skil	18

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skil	1. Skil: Eftir fyrstu þrjú kláruð verkefni skal skila þeim á lykil til kennara og eru það lokaskil. Þó má endurskila teikningu, endurbættri, einu sinni, ef einkunn hennar er lægri en 5 (Gildir við öll skil, nema á 8). 2. Skil: Verkefni 4 til 11 (Verkefni 8 er skilað strax að lokinni vinnslu). 3. Skil: Lokaskil. Verkefni 13 til 18. Frumskilaréttur er þó á öllum teikningum, fullunnum og byrjuðum, til loka námskeiðs. Meginregla að namar fái einkunn fyrir skilaðar teikningar innan viku.	45%
Vetrarstarf	Eftir fjölda unninna verkefna og frágangi þeirra. 1 til 18	45%
Lokaverkefni	Bensíndæla	10%

Dagsetning: Sjan 2015


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils